# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

195. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 21. ÁGÚST 2017




Dagskrá Menningarnætur 2017 náði hámarki upp úr klukkan 23.00 á laugardagskvöld með flugeldasýningunni við Miðbakka. Á annað hundrað þúsund manns voru í miðborg Reykjavíkur þegar mest var og aðsóknin jöfn og þétt. Þá var mikill erill hjá slökkviliði og lögreglu og fangageymslur borgarinnar fullar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Þroskaskertur fangi utanveltu í kerfinu

**Maður sem hefur játað á sig ránið í Pétursbúð í júlí situr í fangelsi gegn tilmælum geðlæknis. Með vitsmunaþroska á við níu til tólf ára barn. Verjandi mannsins segir kerfið ekki hafa úrræði til að bregðast við. Mál af þessu tagi erfið, segir forstjóri Fangelsismálastofnunar.**

**FANGELSISMÁL** Maður með vitsmunaþroska á við níu til tólf ára barn afplánar nú á Kvíabryggju 18 mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm sem kveðinn var upp í Hæstarétti í júní. Eftir að dómurinn féll bjó hann á stuðningsheimili á Njálsgötu en var fluttur til afplánunar á Hólmsheiði þegar hann játaði aðild að ráni í Pétursbúð í Reykjavík 30. júlí síðastliðinn.

„Hann er eiginlega alveg utanveltu í kerfinu. Það væri auðvitað langbest ef þessi einstaklingur kæmist í viðeigandi meðferð. Það er enginn lausn að geyma hann í fangelsi,“ segir Guðbjarni Eggertsson, hæstaréttarlögmaður og verjandi mannsins.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi dæmt manninn í óskilorðsbundið fangelsi var tekið fram í niðurstöðu dómsins að heimilt sé að fanginn sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Í áliti geðlæknis fyrir héraðsdómi var maðurinn metinn sakhæfur en þó tekið fram að fangelsisvist gæti orðið honum þungbær og alls ekki æskileg innan um almenna fanga þar sem hætta væri á því að aðrir gætu misnotað þroskahömlun hans í eigin þágu með einum eða öðrum hætti.



**Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar**

„Verði hann dæmdur til fangelsisvistar þarf, að mínu mati, að gera sérstakar ráðstafanir, sem taka mið af þessu,“ segir í áliti læknisins.

Guðbjarni segir ljóst að úrræðið sem skjólstæðingur hans var í þegar ránið í Pétursbúð var framið dugi ekki til. „Menn eru náttúrulega ekki lokaðir inni þarna, og ef þeir taka upp á því að ræna búð á daginn þarf einhvern veginn að taka á því. Þetta er svona eitt af þeim tilfellum þar sem kerfið hefur hreinlega ekki úrræði til að bregðast við,“ segir Guðbjarni.

„Mál af þessu tagi eru okkur býsna erfið, ekki síst vegna þess að Fangelsismálastofnun hefur ekki boðvald yfir heilbrigðisstofnunum og getur ekki ákveðið einhliða að sakhæfur einstaklingur verði vistaður á heilbrigðisstofnun,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. – aá

## Vill verða næsti varaformaður VG

**STJÓRNMÁL** Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri og fyrrverandi forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, hefur tekið ákvörðun um að bjóða sig fram í embætti varaformanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á landsþingi flokksins sem fram fer eftir rúman mánuð.

Sitjandi varaformaður, Björn Valur Gíslason, lýsti því yfir fyrir helgi að hann hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri á landsþinginu. Hann hefur verið varaformaður síðan í febrúar 2013.

„Ég lýsi formlega yfir framboði á landsþinginu nema himinn og jörð farist,“ segir Edward, sem hefur setið sem bæjarfulltrúi á Akureyri og einnig verið varaþingmaður flokksins. – jóe / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

Halldór




**SKOÐUN** Formaður Heimdallar skrifar um leiðtogakjör flokksins í Reykjavík. 10

**SPORT** Andri Rúnar Bjarnason nálgast markametið og aðild að 19 marka klúbbnum. 14

**TÍMAMÓT** Skotfélag Reykjavíkur fagnar 150 ára afmæli sínu. 18

**LÍFIÐ** Alba Mist, 11 ára, hefur vakið lukku með hönnun sinni sem hún selur á Instagram. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðvestan 3-10 í dag, hvassast norðvestan til. Skýjað með köflum sunnan- og austanlands, en annars léttskýjað. Hiti 10 til 18 stig.

SJÁ SÍÐU 22



**Maður ók á aðgangshlið Isavia við flugvöllinn og síðan á bygginguna.**

# Rændi bíl og keyrði á Leifsstöð

**LÖGREGLUMÁL** Maður ók stolnum bíl á byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í gær eftir eftirför lögreglunnar á Suðurnesjum. Hafði hann áður kýlt lögreglumann og rænt bílnum af konu á Reykjanesbrautinni. Lögregla staðfesti að maðurinn hefði verið handtekinn í samtali við fréttastofu í gær.

Skammt frá flugstöðinni hafði maðurinn stigið út úr bílnum og virst gefast upp. Kom þá lögreglumaður til móts við manninn en maðurinn kýldi lögreglumanninn og hljóp í burtu.

Kona sem sat í bíl sínum tók atburðarásina á myndband en maðurinn hljóp að bílnum, reif upp hurðina, togaði konuna út úr bílnum og settist í bílstjórasætið.

Keyrði maðurinn þá með lögreglu á hælunum í átt að flugstöðinni og á flugstöðvarbygginguna með þeim afleiðingum að rúður brotnuðu.

Í samtali við fréttastofu í gærkvöld sagði Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia, að unnið væri að viðgerð á byggingunni. Þá var jafnframt skipt um aðgangshlið við flugvöllinn en maðurinn hafði ekið í gegnum slíkt hlið og brotið það. **– ktd / þea**

# Biðu í röð til að hoppa í nýjum trampólíngarði



**Löng röð myndaðist við opnun trampólíngarðsins Skypark í Kópavogi í gær. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði hoppuðu þar og skemmtu sér krakkar á öllum aldri og dæmi voru um að foreldrarnir prufuðu trampólínin.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Íslandsbanki mun greiða allan kostnað

**SAMFÉLAG** Íslandsbanki mun auka stuðning sinn við Reykjavíkurmaraþonið og leggja áheitasöfnuninni frekara lið. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Íslandsbanki sendi frá sér í gærkvöldi. Mun bankinn greiða allan kostnað sem fellur til við söfnunina, þar með talið viðhald á tölvukerfi vegna heimasíðu og færslugjöld vegna áheita.

„Íslandsbanki hefur engar tekjur af söfnuninni, hvorki beinar né óbeinar. Íslandsbanki hefur stutt við Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka síðastliðin 20 ár. Bankinn stofnaði Hlaupastyrkur.is fyrir tíu árum og hafa safnast í gegnum vefinn hundruð milljóna króna,“ segir í tilkynningunni.

Undanfarið hafa fimm prósent af áheitum farið í kostnað og gagnrýndu nokkrir hlauparar þetta um helgina. **– þea**





UP!LÝSTUR

Nýr alrafmagnaður e-up! á aðeins

**2.990.000** kr.

**Við látum framtíðina rætast.**

Volkswagen


# Biðraðir með tugum bíla enn daglegt brauð

**Tæpum þremur mánuðum eftir opnun Costco eru þar enn bílaraðir frá morgni til kvölds. Ætla má að daglegir viðskiptavinir séu taldir í þúsundum. Framkvæmdastjóri Atlantsolíu segir Costco hafa tekið til sín stóra markaðshlutdeild.**

**VERSLUN** „Þeir eru að taka til sín stóra markaðshlutdeild á þessa einu stöð,“ segir Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, um eldsneytisstöð Costco sem var opnuð fyrir þremur mánuðum.

Tólf dælur á stöð Costco hafa gengið nánast linnulaust frá morgni til kvölds alla daga frá opnun enda fyrirtækið boðið lítraverð sem er allt að 30 krónum ódýrara. Það virðist sama hvenær dags er komið að dælustöðinni, alltaf er planið smekkfullt af bílum og biðröð með tugum bíla utan þess.

Forsvarsmenn Costco hafa hingað til ekki viljað gefa mikið upp um eldsneytissölu sína. Blaðamaður gerði sér ferð að dælustöð Costco um klukkan ellefu á föstudagsmorgun til að gera óformlega athugun á traffíkinni. Á aðeins fimmtán mínútum taldi hann 43 bíla sem komust inn á dæluplanið, sem fyrir var fullt að vanda. Það gerir rétt tæplega þrjá bíla á mínútu og að þessum 15 mínútum loknum taldi hann 21 bíl í biðröðinni til að komast inn á planið þar sem taka við fleiri biðraðir við eina af dælum stöðvarinnar.

Ef við gefum okkur að hver þessara 43 bíla hafi tekið 45 lítra af eldsneyti má áætla að ríflega 1.900 lítrar af viðskiptum hafi komið inn á dæluplanið á þessu korteri. Costco selur bensínlítrann á 167,9 krónur og dísillítrann á 158,9 og ef marka má þessar 15 mínútur þá eru daglegir viðskiptavinir ekki taldir í hundruðum, heldur þúsundum. Biðraðir líkt og þær sem eru daglegt brauð í Kauptúni eru eitthvað sem sést ekki á öðrum stöðvum og undir það tekur Guðrún.




**Á 15 mínútum keyrðu 43 ökumenn inn á dæluplan Costco.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ætli þeir séu ekki að taka jafn mikið af öllum**
>
> Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu



„Maður sér þetta bara hvergi annars staðar.“

Guðrún segir að Atlantsolía finni fyrir áhrifum Costco líkt og aðrir en þar á bæ ætli þau sér að leyfa tímanum að líða og sjá hvernig málin þróast.

„Maður hefur engar tölur og áttar sig ekki á því hvað þeir eru að taka mikla hlutdeild eða frá hverjum. Ætli þeir séu ekki að taka jafn mikið af öllum.“

Guðrún segir aðspurð áhrifin ekki það alvarleg að grípa þurfi til niðurskurðar líkt og Fréttablaðið hefur greint frá að önnur fyrirtæki á borð við Papco hafi neyðst til að gera vegna samdráttar í kjölfar komu Costco. Vöruhúsið lúti þó allt öðrum lögmálum en Atlantsolía.

„Við seljum bara bensín og olíu á meðan þeir eru með eina stöð sem í raun er notuð sem aðdráttarafl fyrir verslunina en er ekki aðaltekjulind þeirra. Það var ljóst frá fyrsta degi að við myndum aldrei getað jafnað verðið þeirra þannig að við höfum farið aðrar leiðir.“

Bendir Guðrún á að félagið bjóði lægra verð á völdum stöðvum, til dæmis á Skemmuvegi þar sem lítrinn er tólf krónum ódýrari en ella. Þar gildi sömuleiðis afsláttarkjör í ofanálag þannig að minni munur sé á Atlantsolíu og Costco þar.

mikael@frettabladid.is


LEXUS NX
SKARPARI Á
ALLA KANTA
NX
Lexus NX hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum. Að innan státar Lexus NX af skjá með 360 gráðu sjónsviði og Mark Levinson Premium Surround hljóðkerfi sem magnar seiðandi aðdráttarafl hans – hvar sem hann kemur.
Verð frá 6.930.000 kr.
lexus.is
Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400
NX | LEXUS

# Icelandair endurskoðar umdeilda skilmála eftir kvartanir

**NEYTENDUR** Stjórnendur Icelandair skoða afnám umdeildrar reglu í skilmálum fyrirtækisins sem veldur því að bókun fyrir báðar flugleiðir fellur niður í heild sinni ef fyrri ferðin er ekki nýtt af farþega. Neytendasamtökin hafa fengið ábendingar og kvartanir frá viðskiptavinum flugfélagsins.

Samkvæmt skilmálum Icelandair hefur svokölluð „no show“ regla þau áhrif að farþegi sem hefur bókað og greitt báðar leiðir, en missir af fyrra fluginu, þarf ekki einungis að bóka nýtt flug í stað þess sem hann missti af, heldur einnig að bóka og borga fyrir bakaleiðina öðru sinni. Neytendasamtökin hafa sent íslenskum flugfélögum fyrirspurnir um skilmálana.



**Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum**



**Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair**

„WOW air segjast ekki vera með svona skilmála en svörin frá Icelandair voru mjög óskýr og eiginlega bara ófullnægjandi,“ segir Brynhildur Pétursdóttir hjá Neytendasamtökunum, og bætir við: „Ég sé ekki annað en þetta flokkist undir ósanngjarna samningsskilmála. Flugfélagið hefur fengið greitt fyrir þjónustuna og því ekki orðið fyrir neinu tjóni. Þetta finnst okkur út í hött.“

Skilmálar þessir, sem tíðkast hjá fleiri alþjóðlegum flugfélögum, hafa verið til skoðunar hjá Evrópusambandinu með áformum um breytingar í þágu neytendaverndar.

„Við erum að endurskoða þessa skilmála,“ sagði Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, þegar Fréttablaðið óskaði skýringa á þessum skilmálum og hann bætti við að fleiri alþjóðleg flugfélög hefðu skilmálana einnig til endurskoðunar.

„Það er flókið vegna margháttaðs tæknisamstarfs okkar og annarra flugfélaga og ferðaskrifstofa um flugskilmála. Á meðan hvetjum við þá farþega sem keypt hafa tveggja leggja flugferð og geta af gildum ástæðum ekki nýtt fyrri legginn til þess að hafa samband við þjónustuver, og þar verða einstök mál leyst með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi.“ **adalheidur@frettabladid.is**

## Fangageymslur í borginni fylltust

**LÖGREGLUMÁL** Töluvert annríki var hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á Menningarnótt. Fangaklefar á lögreglustöðinni við Hverfisgötu voru þá fullnýttir og vista þurfti fólk í miður góðu ástandi í klefum lögreglustöðvarinnar í Hafnarfirði.

Samkvæmt tilkynningu lögreglunnar lögðu tugþúsundir gesta leið sína í miðborgina. Þeir sem gistu fangaklefa hafi margir enn verið að sofa úr sér vímuna þegar komið var vel fram yfir miðjan dag í gær. Þá sinnti lögreglan meðal annars útköllum vegna heimilisofbeldis, fíkniefnamála og innbrota. **– hg**

## Rækjuvinnsla fær skuldir ekki niðurfelldar

**DÓMSMÁL** Samkomulag náðist ekki á milli Byggðastofnunar og Birnis ehf. um niðurfellingu skulda félagsins við stofnunina. Héraðsdómur Norðurlands vestra komst að þessari niðurstöðu í lok maí en dómurinn var birtur í gær.

Deila aðila varðaði kaup Birnis á aflaheimildum í úthafsrækju árið 2010. Skömmu eftir kaupin voru aflaheimildirnar felldar niður og urðu því verðlausar. Forsvarsmenn Birnis töldu að í kjölfarið hefði náðst samkomulag um að skuld félagsins við stofnunina hefði verið færð niður um 81 milljón en stofnunin neitaði því.

Framburður vitna var á mismunandi vegu. Taldi dómurinn að Birni hefði ekki tekist að sanna að munnlegt samkomulag hefði náðst. Var kröfu um greiðslu upp á 81 milljón því hafnað. **– jóe**

# Bæjarstjórinn í Garði gagnrýnir seinagang umhverfisráðherra

**Miklar tafir hafa orðið á framkvæmdum við verslunarkjarnann Rósasel. Bæjaryfirvöld í Garði saka umhverfisráðuneytið um að halda skipulagsmálum bæjarins í gíslingu. Bæjarstjórinn segir mikla hagsmuni undir í málinu og að dapurlegt sé að stjórnsýslan virki ekki sem skyldi. Framkvæmdir eiga að hefjast í haust.**

**GARÐUR** Bæjaryfirvöld í Garði eru afar ósátt við þær tafir sem hafa orðið innan stjórnsýslunnar við að staðfesta nýtt aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Skipulagið hefur ekki verið staðfest þrátt fyrir að allir lögbundnir afgreiðslufrestir séu liðnir. Bæjarstjórinn segir dapurlegt að stjórnsýslan skuli ekki virka sem skyldi.

Framkvæmdir Kaupfélags Suðurnesja við fyrsta áfanga verslunarkjarnans Rósasels skammt frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar áttu að hefjast fyrir rúmu ári. Þær hafa hins vegar tafist verulega og er ekki gert ráð fyrir að uppbyggingin fari af stað fyrr en í fyrsta lagi í haust. Ástæðan er sú að ekki hefur tekist að létta á kvöðum í skipulagi Keflavíkurflugvallar þannig að bæjaryfirvöld í Garði geti breytt aðalskipulaginu á svæðinu við Rósasel.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Garði, segir að tafirnar komi sveitarfélaginu, flugvallaryfirvöldum og þeim fjárfestum sem hafi hug á að byggja upp atvinnustarfsemi á svæðinu mjög illa.

„Við getum ekkert gert í okkar skipulagsmálum fyrr en búið er að staðfesta nýtt aðalskipulag fyrir Keflavíkurflugvöll. Þetta hefur tafist von úr viti. Fjárfestar bíða eftir að geta hafið uppbyggingu þarna. Það eru miklir hagsmunir undir fyrir marga,“ segir hann.

Magnús útskýrir að sveitarfélagið hafi nú beðið mánuðum saman eftir því að nýtt aðalskipulag flugvallarins verði staðfest, en það er forsenda þess að hægt verði að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi Garðs á svæðinu við Rósaselstorg.



**Svona sjá stjórnendur Kaupfélags Suðurnesja Rósasel fyrir sér.** MYND/KS

„Þar stendur hnífurinn í kúnni. Skipulagsstofnun tók sér tíma langt umfram lögbundinn afgreiðslufrest til að staðfesta nýtt aðalskipulag flugvallarins, en vísaði málinu loks til umhverfisráðherra í byrjun ársins. Ráðherra átti samkvæmt skipulagsreglugerð að afgreiða málið í mars. Nú er langt liðið á ágúst og ekkert hefur gerst. Nýjustu fregnir sem við fengum í lok júní voru að ráðuneytið myndi líklega ekki afgreiða málið fyrr en um mánaðamót ágúst og september. Nú er að bíða og sjá hvort það stenst.

Við erum mjög ósátt við þessar tafir og teljum dapurlegt að stjórnsýslan skuli ekki virka sem skyldi.“

> **Við erum mjög ósátt við þessar tafir og teljum dapurlegt að stjórnsýslan skuli ekki virka sem skyldi.**
>
> 
>
> Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Garði

Áform Kaupfélags Suðurnesja um að byggja Rósasel, á um tuttugu þúsund fermetra lóð við síðasta hringtorgið áður en komið er að flugstöðinni, voru kynnt í byrjun árs 2016. Framkvæmdum við fyrsta áfanga átti þá að ljúka á þessu ári og í kjölfarið hófst leit að fjárfestum að verkefninu.

Í ágúst í fyrra var skrifað undir viljayfirlýsingar við fjögur félög um rekstur í verslunarkjarnanum. Nettó, sem er í eigu Samkaupa, dótturfélags Kaupfélags Suðurnesja, myndi opna matvöruverslun, Olís reka þar bensínstöð og Subway, Pizza Hut, KFC, Taco Bell og Grill 66 veitingastaði.

Nú er búist við að framkvæmdir hefjist í haust. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 500 fermetra bensínstöð, verslun Nettó upp á þúsund fermetra og eitt þúsund fermetra veitinga- og þjónustuhluta. Áætlað er að framkvæmdir taki um tólf til sextán mánuði. **kristinningi@frettabladid.is**


Jeep



FRUMSÝNING

COMPASS

Laugardaginn 26. ágúst

Opið frá 12 - 17

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Kúludalsárbóndi ekki af baki dottinn þrátt fyrir frávísun

**SAMFÉLAG** Ragnheiður Þorgrímsdóttir, bóndi á Kúludalsá í Hvalfirði, segir baráttu sinni vegna mengunar frá iðjuverunum á Grundartanga og veikinda í hrossum sínum hvergi nærri lokið.

Nýlega vísaði atvinnuvegaráðuneytið kæru Ragnheiðar vegna vinnubragða Matvælastofnunar frá, en meðal þess sem kært var voru rangfærslur um málavexti, rannsókn sem hefði leitt til rangra niðurstaðna svo og synjun MAST á að fjarlægja persónuupplýsingar og ærumeiðandi aðdróttanir um Ragnheiði af vef sínum. Ráðuneytið taldi háttsemi MAST ekki vera kæranlega og tók því ekki efnislega afstöðu til veikinda hrossanna eða ástæðna fyrir þeim.

„Ég er hissa og ósátt við þessa niðurstöðu ráðuneytisins. Þarna er æðra stjórnvald að neita því að taka afstöðu til mjög svo vafasamra vinnubragða undirstofnunar.“

Ragnheiðar hefur ítrekað vakið athygli á því að skömmu áður en hross hennar tóku að veikjast varð alvarlegt mengunarslys í álveri Norðuráls á Grundartanga. „Að halda því fram, eins og MAST gerir, að það sé ekkert eðlilegra en að yfir 20 hross á sama bænum veikist vegna offitu á nokkrum árum og fella þurfi 17 þeirra er auðvitað alveg út í hött. MAST hefur ekki getað bent á nein sambærileg tilvik. Eftir á að hyggja eru það mikil mistök að hafa leitað til Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar um aðstoð vegna hrossanna. Þessar stofnanir hafa ekki gert annað en að drepa málinu á dreif og jafnvel spilla fyrir. Maður spyr sig stundum hvort þær séu til staðar til að þjóna fólkinu í landinu eða einhverjum allt öðrum.“

Í fyrra lauk þriggja ára langri rannsókn á vegum atvinnuvegaráðuneytisins á veikindum hrossanna á Kúludalsá. Niðurstöður hennar voru þær að það væru yfirgnæfandi líkur á að veikindin stöfuðu af flúorálagi og lögðu til að rannsókninni yrði haldið áfram. Ragnheiður tekur undir mikilvægi þess að rannsaka hvað íslenski hesturinn þolir mikið af flúor en það er ekki vitað í dag. Viðmiðunarmörkin sem Umhverfisstofnun notar komi frá 23 ára gamalli rannsókn á norskum dádýrum. **– bb**

> Eftir á að hyggja eru það mikil mistök að hafa leitað til Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar um aðstoð vegna hrossanna.
>
> Ragnheiður Þorgrímsdóttir, bóndi á Kúludalsá





**Jerry Lewis lést af náttúrulegum orsökum á heimili sínu í Las Vegas.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Jerry Lewis er fallinn frá

**BANDARÍKIN** Grínleikarinn Jerry Lewis lést í gær 91 árs að aldri. Lewis var þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndunum Bell Boy, Cinterfella, The Nutty Professor og The King of Comedy. Á löngu tímabili á sjöunda áratug síðustu aldar var hann hæst launaði kvikmyndaleikarinn í Hollywood eða um svipað leyti og frægðarsól hans skein hvað skærast. **– hg**

## Nýtt malbik og völlurinn opinn

**FJARÐABYGGÐ** Norðfjarðarflugvöllur var í gær tekinn í notkun í fyrsta sinn síðan þar var lagt bundið slitlag. Alls kostaði framkvæmdin 158 milljónir króna, en völlurinn var áður malarvöllur og ástand hans hafði farið versnandi milli ára.

Fjarðabyggð, Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað og Síldarvinnslan fjármögnuðu helminginn af kostnaði við framkvæmdirnar á móti ríkinu. Við athöfn á flugvellinum fluttu ávörp þeir Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá Isavia, Guðjón Hauksson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands, og Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar. **– hg**

# Prófessor vill koma á eftir Birni

**Edward H. Huijbens kemur til með að gefa kost á sér sem varaformaður VG á landsþingi í haust. Hinn umdeildi Björn Valur Gíslason sækist ekki eftir endurkjöri. Hluti flokksins telur rétt af Birni að draga sig í hlé.**

**STJÓRNMÁL** Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri og fyrrverandi forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, hefur tekið ákvörðun um að bjóða sig fram í embætti varaformanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á landsþingi flokksins sem fram fer eftir rúman mánuð. Það kom mörgum innan flokksins lítið á óvart að varaformaðurinn ætli að stíga til hliðar.

Flokksráðsfundur VG fór fram í Logalandi í Borgarbyggð um helgina. Fyrir fundinn tilkynnti Björn Valur Gíslason, sitjandi varaformaður, að hann hygðist draga sig í hlé eftir áratuga veru á hinu pólitíska sviði. Vildi hann tilkynna það með góðum fyrirvara til að fólki gæfist tími til að undirbúa framboð til varaformanns. Björn Valur hefur verið varaformaður frá febrúar 2013. Skömmu áður hafði hann farið sneypuför suður yfir heiðar í formi prófkjörsslags í Reykjavík. Í kosningunum síðasta haust skipaði hann 3. sætið í Norðausturkjördæmi en náði ekki inn.

Fráfarandi varaformaður hefur í gegnum tíðina verið umdeildur. Fréttablaðið hefur rætt við fólk innan VG og eru flestir sammála um að það hafi ekki komið þeim á óvart að Björn viki sæti. Varaformaðurinn hafi í gegnum tíðina verið dugmikill og skeleggur en dregið hafi af honum að undanförnu. Hann hafi verið talsvert fjarverandi og því hafi starf varaformannsins lent mikið á formanninum, Katrínu Jakobsdóttur, og ritaranum, Elínu Oddnýju Sigurðardóttur.

Þá herma heimildir blaðsins að Reykjavíkurarmur flokksins hafi fengið nóg af Birni fyrir þó nokkru og það hafi verið gagnkvæmt. Fyrr á árinu hótaði Björn Valur meðal annars að kæra gjaldkera flokksins, Unu Hildardóttur, fyrir hatursorðræðu á Twitter. Þá þótti sumum stefna hans í ýmsum málum vera á skjön við stefnu flokksins og skjóta skökku við að varaformaður umhverfisverndarflokks hafi starfað við að þjónusta olíuborpalla.



**Björn Valur sat á þingi þarsíðasta kjörtímabil og varð varaformaður árið 2013.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri.**

Landsþing VG fer fram 6.-8. október næstkomandi. Nokkur nöfn hafa verið nefnd í sömu andrá og rætt er um varaformannsembættið. Líkt og áður segir býður Edward sig fram en hann tilkynnti það um helgina.

„Ég lýsi formlega yfir framboði á landsþinginu nema himinn og jörð farist,“ segir Edward. „Ég hef fundið meðbyr og fólk hefur sýnt því áhuga að ég taki þetta að mér. Hefðin er sú að varaformaður taki að sér innra starfið og ég tel mig geta eflt það með það að markmiði að flokkurinn bjóði fram í sem flestum sveitarfélögum næsta vor.“

Nöfn þingmannanna Ara Trausta Guðmundssonar, Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur og Kolbeins Óttarssonar Proppé hafa einnig verið nefnd sem og nafn Óla Halldórssonar, sveitarstjórnarmanns í Norðurþingi.

„Það hefur verið komið að máli við mig og ég fengið áskoranir um að fara fram,“ segir Óli. Líkt og Edward kemur hann úr Norðausturkjördæmi. „Tilkynning Björns kom nokkuð á óvart og sem stendur er ég að skoða málin.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Kolbeini sagði hann að hann hefði ekki velt þessu fyrir sér. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig. Ekki náðist í Ara Trausta eða Bjarkeyju við vinnslu fréttarinnar. Sömu sögu er að segja af Birni Val þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

**johannoli@frettabladid.is**




ALLT FYRIR SKÓLANN
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM OG PENNAVESKJUM
GILDIR Í DAG 21. ÁGÚST
2.499kr
Abacus talnagrind
229kr
129kr
STÓRA SÖGUBÓKIN MÍN
STÓRA REIKNINGSBÓKIN MÍN
STÍLABÓK
REIKNINGSBÓK
SÖGUBÓKIN MÍN
Skólabækur A-4 og A-5
599kr
Color Pencil
Trélitir, 12 stk
Verð frá 189kr
Netapoki A4/A5/A6
529kr
Vasareiknir
229kr
VERKEFNA- OG ÚRKLIPPUBÓK
Nafn:
Námsgrein:
Bekkur:
Verkefna- og úrklippubók
99kr
Reglustika sveigjanleg, 20 cm
299kr
Blýantar HB 12 stk.
549kr
10 Fasermaler
Tússlitir, 10 stk
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Gildir til 21. ágúst á meðan birgðir endast. Allt úrval fæst í Smáralind, Skeifunni og Garðabæ minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

# Tólf manna hryðjuverkasella ætlaði sér að gera bílsprengjuárásir á Barcelona

**Tólf hryðjuverkamenn ætluðu að gera fleiri árásir á Barcelona. Younes Abouyaaqoub er grunaður um að hafa ráðist á Römbluna og myrt þrettán. Krítarkort hans var notað til þess að leigja sendiferðabílinn sem var notaður í árásinni.**



Filippus Spánarkonungur nýtti helgina í að heimsækja fórnarlömb árásarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

**SPÁNN** Tólf manna hryðjuverkasella sem stóð að árásinni á Römbluna í Barcelona í síðustu viku hafði safnað saman 120 gaskútum sem átti að nota í bílsprengjuárásir í borginni. Frá þessu greindi lögreglan í Katalóníu í gær.

Lögregla fann kútana í húsnæði í smábænum Alcanar. Talið er að sellan hafi starfað í húsinu en það sprakk í loft upp á miðvikudagskvöld. Daginn eftir fann lögregla um tuttugu gaskúta í húsinu en síðan þá hefur fjöldi fundinna kúta sexfaldast.

Þrettán féllu þegar árásarmaður keyrði sendiferðabíl niður Römbluna á fimmtudag og kona dó í árás í bænum Cambrils á föstudag. Þar voru fimm grunaðir hryðjuverkamenn skotnir til bana en lögregla greindi frá því um helgina að Moussa Oubakir, sem talinn var hafa keyrt bílinn, hafi verið einn hinna látnu.

Nú er hins vegar leitað að hinum marokkóska Younes Abouyaaqoub og greina spænskir fjölmiðlar frá því að Abouyaaqoub sé grunaður um að hafa keyrt bílinn. Leit hélt áfram í gær með öllum tiltækum ráðum en þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði sú leit ekki enn borið árangur.

Lögreglustjórinn Josep Lluis Trapero greindi frá nýjustu upplýsingum í gær. Sagði hann tólfmenningana hafa skipulagt árásirnar í meira en hálft ár. Eins þeirra væri enn leitað og talið væri víst að hann hefði keyrt bílinn. Trapero vildi ekki greina frá nafni þess grunaða en eins og áður segir halda spænskir miðlar því fram að um Abouyaaqoub sé að ræða.



**Younes Abouyaaqoub, grunaður um árásina**

Í frétt BBC segir að það hafi fengist staðfest að krítarkort Abouyaaqoub hafi verið notað til þess að leigja þrjá sendiferðabíla.

Einn var notaður til að ráðast á Römbluna, annar fannst í bænum Vic og sá þriðji í bænum Ripoll, þar sem sumir hryðjuverkamannanna bjuggu.

Trapero sagði enn fremur að enn ætti eftir að bera kennsl á líkamsleifar tveggja sem fundust í húsnæðinu í Alcanar. Halda spænskir miðlar því fram að þar gætu verið jarðneskar leifar Youssef Aallaa, bróður eins þeirra sem féllu í Cambrils, og Abdelbaki Es Satty, ímams frá Ripoll.

„Við sjáum það skýrar og skýrar að þetta er staðurinn þar sem þeir undirbjuggu sprengjur fyrir eina eða fleiri árásir sem átti að gera á Barcelona. Við getum ekki enn sagt til um hvað varð til þess að hópurinn varð svo róttækur,“ sagði Trapero.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Hryðjuverkasellan

**Látnir:**
Moussa Oukabir
Mohamed Hychami
Said Aallaa
Omar Hychami
Houssaine Abouyaaqoub

**Handteknir**
Driss Oukabir
Sahal el-Karib
Mohammed Aallaa
Mouhamed Houli Chemlal

**Eftirlýstir**
Younes Abouyaaqoub
Youssef Aallaa
Abdelbaki Es Satty

**13**

**féllu í árás hryðjuverkasellunnar á Römbluna.**

## Nafngreind fórnarlömb

**Jared Tucker** frá Bandaríkjunum, 43 ára
**Elke Vanbockrijck** frá Belgíu, 44 ára
**Silvina Alejandra Pereyra** frá Spáni, 40 ára
**Carmen Lopardo** frá Argentínu, 80 ára
**Pepita Codina** frá Spáni, 75 ára
**Francisco López Rodríguez**, 57 ára
**Bruno Gulotta** frá Ítalíu, 35 ára
**Luca Russo** frá Ítalíu, 25 ára
**Julian Cadman** frá Ástralíu, 7 ára




## EF ÁTTU DRAUM?

Karlakór Reykjavíkur bætir við sig söngmönnum í haust og þá verða raddpróf fyrir þá sem hafa áhuga á að slást í hópinn. Við prófum raddsvið og tónheyrn og finnst kostur ef þú býrð yfir kunnáttu í tónlist og nótnalestri, það er þó alls ekki skilyrði.
Ef þú hefur áhuga á að koma í raddpróf skaltu hafa samband með því að senda okkur línu á netfangið kor@kkor.is fyrir ágústlok næstkomandi og við höfum samband við þig um hæl. Frekari upplýsingar má fá í síma 856-7229.

**STARFIÐ**
Starfsár Karlakórs Reykjavíkur einkennast af tveimur hápunktum. Annars vegar eru það aðventutónleikar í Hallgrímskirkju í byrjun desember, sem alltaf eru vel sóttir enda fastur liður í jólaundirbúningi fjölmargra landsmanna. Eftir áramót hefst undirbúningur fyrir vortónleika í Langholtskirkju. Á þeim tónleikum er uppskera vetrarstarfsins lögð fram og að þeim loknum gleðjast kórmenn og makar þeirra yfir liðnum vetri og fagna vorkomu.
Til viðbótar við þessa föstu liði er starfið kryddað með með alls kyns viðburðum á vegum ýmissa aðila.

*Karlakór Reykjavíkur var stofnaður 1926 og hefur starfað samfleytt síðan. Kórinn býður upp á krefjandi og skemmtileg viðfangsefni í tónlist og skemmtilegt félagsstarf í góðum félagsskap. Söngferðir til útlanda eru reglulega auk þess sem byggðir landsins eru heimsóttar til tónleikahalds. Kórinn æfir tvisvar í viku, tvo tíma í senn, og fara æfingar fram í safnaðarheimili Háteigskirkju.*




Herferð Duterte hefur kostað að minnsta kosti 3.500 lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Kirkjan fordæmir herferð Duterte

**FILIPPSEYJAR** Kaþólska kirkjan á Filippseyjum fordæmdi í gær herferð forsetans Rodrigo Duterte gegn eiturlyfjafíklum, -sölum, -framleiðendum og -smyglurum. Herferðin hefur kostað að minnsta kosti 3.500 lífið og drepur lögregla grunaða án dóms og laga.

„Við biðlum til samvisku þeirra sem drepa hina bjargarlausu, sérstaklega þeirra sem hylja andlit sitt, um að hætta að taka mannslíf,“ sagði kardinálinn Luis Tagle í gær. Bætti hann því við að eiturlyfjavandann ætti ekki að smætta niður í pólitískt deilumál heldur kæmi hann samfélaginu öllu við.

Kirkjan gagnrýndi herferðina fyrst undir lok síðasta árs. Tók Duterte illa í þá gagnrýni og skaut föstum skotum á æðstu menn kirkjunnar. Duterte hafði þó ekki svarað gagnrýni kardinálans þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

En þótt yfirvöld segi 3.500 hafa fallið í herferðinni halda óháð samtök víðs vegar um Filippseyjar því fram að talan sé mun hærri, sem og að margir hinna drepnu hafi í raun verið saklausir.

Reuters greindi frá því í gær að 90 hið minnsta hefðu verið drepnir í nýliðinni viku. Þar af 32 í sama áhlaupi í Bulacan-héraði, norður af höfuðborginni Maníla. **– þea**

SIXT rent a car

# SÚPER DAGAR

21.–31. ÁGÚST



# BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU KOMNIR Í SÖLU

Súperflott tilboð á bílaleigubílum á Súperdögum Sixt.
Margar gerðir, mögnuð kjör. Komdu á Krókháls 9 (á móti Öskju) og kláraðu bílamálin fyrir veturinn. Þú sérð úrvalið líka á sixtbilasala.is.




sixtbilasala.is | Sími: 540 2224 | Krókháls 9 | Opið virka daga frá 10 til 18

# Orðlaus



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ráðherra skipar starfshóp." Þau eru fá orðin á okkar ástkæru og ylhýru tungu sem búa yfir þeim mætti að fylla mann viðlíka vonleysi og einmitt þessi þrjú saman í setningu. Í kjölfar þess að Morgunblaðið greindi frá því í síðustu viku að algjört hrun hefði orðið í bóksölu á síðustu árum þá fylgdu í undirfyrirsögn þessi viðbrögð mennta- og menningarmálaráðherra. Að sögn Egils Arnar Jóhannssonar, formanns Félags íslenskra bókaútgefenda, er starfshópnum ætlað að skoða íslenska bókaútgáfu og tryggja að áfram komi út úrval fjölbreyttra bóka á Íslandi. Ekki veitir af í ljósi þessara frétta sem greina frá því að bóksala hafi dregist saman um meira en 30% frá á árinu 2008 og allt stefni í áframhaldandi samdrátt.

Bókaútgáfa er merkileg og mikilvæg starfsgrein en það er ekki aðeins afkoma merkrar starfsgreinar sem hér er í húfi heldur annað og meira. Íslenskan sjálf er undir. Tungumálið sem skilgreinir okkur Íslendinga, fylgir okkur jafnt í sorg sem og gleði og skapar okkur einstaka sérstöðu á meðal þjóða heimsins. Án hennar er hætt við að við verðum lítið annað en jaðarhópur innan ört vaxandi heimsveldis engilsaxneskunnar. Minning um þjóð og vitnisburður um liðna tíð og kannski ein eða tvær málsgreinar í engilsaxneskum sögubókum. Án bóka og íslensks ritmáls mun íslenskan verða undir öldu engilsaxneskunnar, drukkna í hennar ört vaxandi úthafi, og því miður bendir ýmislegt til að hún sé nú þegar að troða marvaðann.

Þar af leiðandi þá fylla þessi orð: Ráðherra skipar starfshóp mann meira en dálítlu vonleysi. Hrun í sölu íslenskra bóka er eitthvert skýrasta aðvörunarmerki sem okkur getur borist. Þetta er neyðarkall íslenskunnar, hvort sem ráðamönnum líkar betur eða verr, jafnvel þótt Egill Örn beri sig vel og vonist til að starfshópnum fylgi aðgerðir. Vandinn er að íslenskan hefur ekki miklu meiri tíma fyrir fleiri starfshópa, áætlanagerðir og fögur fyrirheit á tyllidögum. Hún þarfnast pólitískra aðgerða sér til bjargar og það strax.

Íslenskan þarf á bókum að halda ef hún á að lifa. Frumsömdum sem og þýddum skáldsögum, ljóðum, barnabókum og spennusögum og síðast en ekki síst kennslubókum en útgáfa þeirra gæti einmitt reynst bókaútgefendum dýrmæt viðbót í erfiðum rekstri. En umfram allt þarfnast íslenskan þess að stjórnvöld átti sig á vandanum og grípi til skjótra aðgerða. Þar ætti afnám virðisauka á bækur ótvírætt að vera fyrsta verk því það gæti reynst útgefendum, lesendum og þar með íslenskunni ómetanlegur stuðningur í verki.

Að þjóð sem kallar sig bókaþjóð sé með virðisaukaskatt á bækur, á tungumáli sem stendur frammi fyrir því að deyja út ef ekki kemur til róttækra aðgerða, er svo galið að það nær ekki nokkurri átt. Vonandi verður það því á meðal fyrstu verka ríkisstjórnarinnar þegar hún kemur saman eftir langt frí að afnema þessa vitleysu. Að öðrum kosti er hætt við að ríkisstjórnarinnar verði minnst sem stjórnarinnar sem skipaði starfshóp á meðan íslenskan drukknaði og þjóðin sat orðlaus eftir.

**En umfram allt þarfnast íslenskan þess að stjórnvöld átti sig á vandanum og grípi til skjótra aðgerða.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Nauðsynlegar upplýsingar**

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir Pírati gerði vel í gær þegar hún gagnrýndi embætti landlæknis fyrir að hafa tölfræði yfir fjölda sjálfsvíga á heilbrigðisstofnunum ekki á reiðum höndum. Lögin geri ráð fyrir að óvænt dauðsföll innan heilbrigðisstofnana séu tilkynnt til lögreglu og landlæknis. Því sé undarlegt að ekki sé hægt að fletta tölfræðinni upp í skráningarkerfi landlæknis.

Gagnrýni Píratans er sanngjörn. Ekki er boðlegt að slíkar upplýsingar skorti því þær geta reynst nauðsynlegar. Taka þarf á vandanum og til þess að það sé hægt þarf að átta sig á umfanginu.

**Blóraböggullinn**

Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar kom einnig með góða ábendingu í gær, svo pistlahöfundur haldi áfram að hrósa. Sagði hann á Sprengisandi að lítill markaður og háir tollar á landbúnaðarvörur hafi meiri áhrif á hátt verðlag á matvælum en verslanirnar sjálfar.

Annað þessara vandamála er auðvelt að leysa og hitt erfitt. Einfalt er að afnema alla tolla og yrði það til góða fyrir íslenska neytendur. Vitaskuld myndu innlendir aðilar í landbúnaði ekki fagna afnámi tolla á erlendar landbúnaðarvörur en það er ef til vill kominn tími til að alvöru samkeppni myndist á þessu sviði.

thorgnyr@frettabladid.is

# Sameinumst um leiðtogakjör í borginni



Friðrik Þór Gunnarsson
formaður Heimdallar

Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn í borginni með um 25% fylgi. Það er þó lítil huggun í því, þegar horft er til þess að flokkurinn hefur verið í minnihluta í hartnær 20 ár. Reykjavíkurborg er fyrrum vígi Sjálfstæðismanna, en undanfarin misseri hefur rödd okkar verið lítið styrkari en dauft bergmál.

Reykjavíkurborg þarf á öflugri og styrkri stjórn að halda til að hún verði á ný í fremstu röð allra sveitarfélaga. Hún verði á nýjan leik leiðandi á sem flestum sviðum og til að hún verði fyrsti valkostur þegar fólk velur sér búsetu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sjaldan átt jafn mikið undir því að gengið sé samstíga og taktfast í átt að kosningum. Sú vegferð er hafin, en haldið var öflugt Reykjavíkurþing í byrjun sumars á vegum Varðar.

Nú er komið að því velja öflugan og samhentan framboðslista. Lista sem blæs von í brjóst borgarbúa með metnaðarfullri stefnu sem gerir fólki kleift að koma sér þaki yfir höfuðið, leysa umferðarvandann, bæta almenna grunnþjónustu, að skólarnir okkar verði enn betri og að Reykjavík geti á nýjan leik státað af því að vera í fremstu röð allra sveitarfélaga.

Fram er komin tillaga frá Verði, fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, um að haldið verði leiðtogaval og síðan stillt upp í önnur sæti af kjörnefnd. Þetta er nýstárleg og spennandi leið sem hefur fengið góðar undirtektir hjá flokksmönnum. Undanfarin ár hefur þátttakan í almennum prófkjörum því miður farið stöðugt minnkandi, en það er spurn hvort þær jákvæðu undirtektir sem leiðtogakjörið hefur fengið séu líklegar til þess að valda því að áhuginn á þátttöku vaxi og dafni á ný.

Blandaða leiðin þar sem oddvitinn er kjörinn í sérkosningu tryggir að fylkt verði liði á bak við leiðtoga með sterkt umboð. Kjörnefnd mun svo stilla upp í önnur sæti og tryggja að raddir allra borgarbúa heyrist. Raddir ungra, raddir eldri borgara, raddir kvenna, raddir karla, raddir miðbæjarins og raddir efri byggða. Með slíkum lista er Sjálfstæðisflokknum ekkert að vanbúnaði að fara í kosningabaráttu og vinna borgina.

**Sjálfstæðisflokkurinn hefur sjaldan átt jafn mikið undir því að gengið sé samstíga og taktfast í átt að kosningum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Besta fjárfestingin

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson

Í Fréttablaðinu í síðustu viku var haft eftir forstjóra Bílaleigu Akureyrar, Steingrími Birgissyni, að kaup á rafbílum væru „ein versta fjárfesting“ sem Bílaleigan hefði gert. Nýtingin sé slæm, ekki sé hægt að leigja bíl sem kemur inn á hádegi fyrr en morguninn eftir því að það þurfi að hlaða hann, þetta sé enn „of dýrt“. Og þar fram eftir götunum.

**Gott og blessað … en …**

„Ein versta fjárfestingin.“ Hér er ekki töluð tæpitunga – hún kemur síðar í viðtalinu.

Það er sjálfsagt rétt að erfiðara sé að hámarka stundargróðann fyrir bílaleiguna með rafbílum en Steingrími láist alveg að taka hitt með í reikninginn: Það þarf að bjarga Jörðinni. Og við megum engan tíma missa. Hver dagur skiptir máli, hver farkostur sem brennir ekki jarðefnaeldsneyti og spúir því út í himinhvolfið skiptir máli, framlag hvers og eins okkar skiptir máli; við þurfum öll að leggjast á eitt við þetta verkefni: Það þarf þjóðarátak því að hér eru kjöraðstæður til að rafvæða allar samgöngur.

**Það er sjálfsagt rétt að erfiðara sé að hámarka stundargróðann fyrir bílaleiguna með rafbílum en Steingrími láist alveg að taka hitt með í reikninginn: Það þarf að bjarga Jörðinni. Og við megum engan tíma missa.**

Þegar maður les viðtalið sér maður að Steingrímur er ekki alveg jafn neikvæður í garð rafvæðingar bílaflotans og ætla mætti af fyrirsögninni – ekki beinlínis – og þó: nú kemur tæpitunga, jákvæðni úrtölumannsins: „Þetta gerist og það er bara gott,“ segir hann víðsýnn og umburðarlyndur en um leið slær hann úr og í; það er einhver semingur í honum, einhver svona tónn sem við könnumst vel við; einhver svona „Já já, þetta er nú allt gott og blessað – en …“-tónn.





Og svona endar viðtalið: „Það er allt í lagi að við Íslendingar verðum framarlega í flokki en ég held að það séu engin efni til þess að við séum fremstir í flokki. Ég held að það sé margt annað í þjóðfélaginu sem liggur meira á að laga.“

Honum finnst þetta ekkert sérstaklega brýnt – þó að það sé svo sem „allt í lagi“ að vera með, en „margt annað í þjóðfélaginu sem liggur meira á að laga“. Geti Steingrímur Birgisson bent okkur á brýnni verkefni en það að bjarga Jörðinni væri fróðlegt að heyra um þau. Fyrir honum er þetta allt einhver framtíðarmúsík og hann vill bíða eftir því að komið verði upp þeim innviðum sem þarf – það er að segja fleiri hleðslustöðvum um allt land. Hann talar eins og slíkt sé ekki verkefni hans, en þar skjátlast honum; það er verkefni okkar allra, og alveg sérstaklega allra þeirra sem starfa við bílaútgerð – að ekki sé talað um valdamikla menn í þessum bransa eins og hann – menn sem geta skipt öllu máli, hafi þeir bara hugarfarið sem þarf.

**Komaso**

Því að fyrst og fremst þarf nýtt hugarfar. Við þurfum að taka þessi mál miklu alvarlegar en við gerum. Hann þarf að hverfa þessi semingur úrtölumannanna – gamli íslenski búrahátturinn og þæfingurinn sem maður skynjar stundum í máli manna þegar þessi mál ber á góma.

Við þurfum öll að leggjast á eitt: það þarf þjóðarátak. Það þarf íslenskt brjál; íslenskt komaso. Stjórnvöld þurfa að hafa miklu afdráttarlausari forystu en nú er, hvað sem líður góðum áformum og heitstrengingum umhverfisráðherra; bílasalar þurfa að fyllast eldmóði, talsmenn neytenda og bílstjóra eiga ekki að linna látum; bílaleigurnar þurfa að leggja sitt af mörkum, bensínsalar þurfa að söðla um. Það þarf að koma upp hleðslustöðvum um allt land og fjármagna með enn frekari sköttum á bensín, sem ætti að vera dýrt, alveg hunddýrt en allt sem tengist rafmagni hundódýrt.

Kaup á rafbílum eru nefnilega ekki „versta fjárfestingin“ – heldur sú besta.






VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 23. ágúst, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Andri Rúnar Bjarnason á ferðinni með boltann í leik á KR-vellinum í sumar. Andri Rúnar er búinn að jafna markamet Grindavíkur í efstu deild og fleiri met eru núna í hættu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Markametið er í hættu

**Það hefur enginn fengið inngöngu í klúbbinn í tuttugu ár og markamet Péturs Péturssonar mun halda upp á fertugsafmælið sitt á næsta ári. En lifir það svo lengi? Andri Rúnar Bjarnason er langt á undan methöfunum fjórum þegar þeir áttu jafn marga leiki eftir og hann á í Pepsi-deildinni í sumar.**

**FÓTBOLTI** 19. ágúst 1978 varð Skagamaðurinn Pétur Pétursson fyrstur til að skora 19 mörk í efstu deild á Íslandi þegar hann skoraði tvö mörk á lokamínútum í leik í Keflavík og bætti með því markamet Hermanns Gunnarssonar. Nú 39 árum síðar stendur metið hans enn. Þrír hafa reyndar bæst í 19 marka klúbbinn en það eru liðnir tveir áratugir síðan að sá síðasti fékk inngöngu.

Fjórir bónusleikir hjálpuðu ekki mikið til. Tíu ár eru síðan að fjölgað var um tvö lið og fyrstu níu tímabilin í tólf liða deild ógnaði enginn markametinu fyrir alvöru en tíunda sumarið gætið orðið sögulegt. Skytturnar fjórar, Pétur, Guðmundur Torfason, Þórður Guðjónsson og Tryggvi Guðmundsson, hafa hingað til ekki þurft að hafa miklar áhyggjur af því að þær væru að fara missa metið sitt. Nú er aftur á móti heitasti maður sumarsins að gera sig líklegan til að komast í 19 marka klúbbinn eða jafnvel stofna nýjan tuttugu marka klúbb.

Grindvíkingurinn Andri Rúnar Bjarnason hefur skorað 14 mörk í 15 leikjum í Pepsi-deildinni í sumar og hann á enn eftir sjö leiki. Fréttablaðið skoðaði hversu mörg mörk meðlimir 19 marka klúbbsins voru búnir að skora þegar sjö leikir voru eftir af mótinu og þá fyrst fær maður trú á því að metið sé í hættu.

**Sex marka forskot á tvo**

Það er sláandi að sjá hversu langt methafarnir fjórir voru langt á eftir Andra Rúnari á þessum tímapunkti í mótinu. Framarinn Guðmundur Torfason var búinn að skora langflest mörk af þessum fjórum en var engu að síður með þremur mörkum færra en Andri Rúnar þegar sjö leikir voru eftir af mótinu 1986.

**Sigurður Fannar** fasteignasali **897 5930**

**Opið hús** mán 21. ágú kl 18:00-18:30



## Kaldasel 26 — 109 Reykjavík?

Raðhús/einbýli | 8 herbergi | 316,7 fm | Endahús

Frábært fjölskylduhús

**79.900.000**

**Sigurður Fannar** fasteignasali **897 5930**



## Ekrusmári 10 — 201 Kópavogur

Einbýlishús | 4 herbergi | 174 fm | Frábært útsýni

Einbýlishús á tveimur hæðum auk bílskúr

**89.500.000**

**Úlfar Þór** fasteignasali **897 9030**

**Opið hús** mán 21. ágú kl17:30-18:00



## Laugateigur 30 — 105 Reykjavík

Íbúð | 3 herbergi | 67,1 fm | Risíbúð með svölum

Falleg íbúð með svölum á góðum stað í Laugard.

**36.900.000**

**Úlfar Þór** fasteignasali **897 9030**



## Ásvallagata 44 — 101 Reykjavík

Sér hæð | 4 herb. | 139,3 fm | Sér hæð með bílskúr

**67.900.000**

**Gunnlaugur** fasteignasali **844 6447**

**Úlfar Þór** fasteignasali **897 9030**

**Opið hús** mið 23. ágú kl 17.30-18.00



## Hringbraut 84 — 107 Reykjavík

Íbúð | 3 herbergi | 72 fm | Nýtt þrefalt gler

Björt og falleg íbúð í sjarmerandi húsi

**36.900.000**

**Þóra** fasteignasali **777 2882**

**Opið hús** mán 21. ágú kl 18.30-19.00



## Vallengi 11 — 112 Grafarvogur

Íbúð | 4 herbergi | 92 fm | Gott skipulag íbúðar

Björt og falleg íbúð með sér inngangi

**38.500.000**

**Þóra** fasteignasali **777 2882**

**Opið hús** mán 21. ágú kl. 17.00-17.30



## Karlagata 10 — 101 Reykjavík

Parhús | 6 herbergi | 190 fm | 2 auka íbúðir

Eign í rólegu hverfi í miðborg Reykjavíkur

**89.900.000**

**Þóra** fasteignasali **777 2882**

Fasteignasalan
# GARÐUR
## 562-1200



Sveinbjörn Halldorsson
*Löggiltur fasteignasali*
*Sími:* **892-2916**
*sveinbjorn@fastgardur.is*



Halldór Freyr Sveinbjörnsson
*Aðstoðarmaður fasteignasala*
*Sími:* **693-2916**
*halldor@fastgardur.is*

Skipholt 5 - 105 - Reykjavík - www.fastgardur.is

## ÞÓRSGATA – EINBÝLI



Glæsilegt 165 fm, einbýlishús með bílskúr og upphituðu bílastæði sem rúmar tvo bíla. Tveir inngangar eru í húsið. Eignin er á tveimur hæðum, tvær stofur, tvö baðherbergi, fallegt eldhús, þvottahús og þrjú svefnherbergi. Árið 2015 var byrjað að endurbyggja húsið og var það endurnýjað nánast frá grunni. Vel var vandað til verka og allt unnið af viðurkenndum verktaka. Allt var hreinsað út, byggt nýtt þak, skipt um gólf milli hæða, allar lagnir, glugga og reistur nýr kvistur og suðursvalir. Bílskúr og útigeymsla endubyggð sem og dren-, skólplagnir og inntök. Lóð og bílaplan voru mynstursteypt með hitalögn. Einstaklega vel heppnuð uppgerð á glæsilegu húsi. Laus strax. **Verð 133 millj.**

## REYKJAMELUR 6 – EINBÝLI

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 22. ÁGÚST FRÁ KL 17:00 – 17:30**




90 fm, einbýlishús á einni hæð auk rýmis í risi. 1000 fm, gróin lóð, staðsett í botnlanga í friðsælu hverfi í Mosfellsbæ. Tvö rúmgóð svefnherbergi, björt og rúmgóð stofa, eldhús, borðstofa, baðherbergi með sturtu og þvottaaðstöðu. Stór geymsluskúr getur fylgt með. Yfir húsinu að hluta er ris þar sem lofthæð er mest tæpir 180 cm og heildargólfflötur ca. 46 fm. LAUS STRAX. **Verð: 45.9 millj.**

## BRÍETARTÚN 18 – 3JA HERBERGJA

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 23.ÁGÚST FRÁ KL 17:00 – 17:30**




Falleg 69 fm, 3ja herb. íbúð á 3. hæð í mikið endurnýjuðu fjölbýlishúsi. Tvö rúmgóð svefnh. með fataskápum. Björt og falleg stofa. Eldhús með hvítri innréttingu og borðkrók. Flísalagt baðherbergi með hvítri innréttingu og sturtu. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð. Falleg eign sem vert er að skoða. LAUS STRAX. **Verð 34.9 millj.**

## SVÖLUÁS 12 – PARHÚS

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 22. ÁGÚST FRÁ KL 17:30 – 18:00**




Fallegt og vel skipulagt 212,5 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fjögur rúmgóð svefnh.. Fataherbergi inn af einu svefnherbergjana. Sólstofa á fyrstu hæð og gengið út á suðurverönd. Stór og björt stofa. Tvennar svalir til suðurs og norðurs. Tvö baðh.. Fallegt eldhús sem er opið inn að stofu. Glæsilegt útsýni. LAUS STRAX. **Verð 69.5 millj.**

## GILSBÚÐ 7 – TVÆR AUKAÍBÚÐIR



Um er að ræða mjög gott atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. 100 fm skrifstofurými er á 1. hæð með góðu aðgengi og flottu auglýsingargildi. Á efri hæð eignarinnar eru tvær 50.fm 3ja herb. íbúðir með sérinngangi, sem eru í útleigu í dag. Eignin lítur vel út að utan og hefur verið haldið vel við. Samtals fm eru 201,6 fm. Góð eign sem gefur mikla möguleika. LAUS STRAX. **Verð 49.9 millj.**

---

2015 - 2016
Framúrskarandi fyrirtæki

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
**Sími 520 7500**

**Stofnað 1983**



## Við kunnum að meta fasteignina þína

**Helgi Jón Harðarson sölustjóri**
**Freyja Sigurðardóttir lögg.fasteignasali**
**Magnús Emilsson lögg.fasteignasali**
**Ágústa Hauksdóttir lögg.fasteignasali**
**Guðbjörg Guðbjörnsdóttir lögg.fasteignasali**
**Hlynur Halldórsson lögg.fasteignasali**
**Hilmar Þór Bryde sölumaður**
**Hildur Loftsdóttir ritari**

### LÓNSBRAUT - ATVINNUHÚSNÆÐI - HAFNARF.



Glæsilegt atvinnuhúsnæði samtals 1.752 fm. á einni hæð (í dag er þar rekið fullkomin fiskvinnsla). Hús er byggt 2011 og er sérlega vandað, hentar sérstaklega vel undir matvælaframleiðslu eða fiskverkun. Góð staðsetning á hafnarsvæðinu. Lóð malbikuð. Fullbúin eign í algjörum sérflokki. Mjög góð fjárfesting. Upplýsingar gefur Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233 eða helgi@hraunhamar.is

### FORNUBÚÐIR - ATVINNUHÚSNÆÐI - HAFNARF.



Glæsilegt fiskvinnsluhús/atvinnuhúsnæði á hafnarbakkanum Hfj. Húsnæðið allt er um 1.104 fm þar af milliloft ca 300 fm. Húsnæðið gæti nýst undir margskonar starfsemi m.a. matvælavinnslu ofl. góð lofthæð og innkeyrslu dyr á hverju bili. Frábær aðkoma og staðsetning. Rúmgóð lóð. Selst í einu eða tvennu lagi, jafnvel í smærri einingum. **Verðtilboð.**
Frekari uppl. veitir Helgi Jón sölustjóri 893-2233

### ERLUÁS – EINBÝLI – HAFNARFJÖRÐUR



Glæsilegt vandað einbýli á einni hæð með innbyggðum rúmgóðum tvöföldum bílskúr samtals 252 fm. Einstök staðsetning í Áslandshverfi í Hfj og stórkostlegt útsýni yfir bæinn og fjörðinn. Sérsmíðaðar innréttingar og Miele tæki, arin. Fullbúin eign í sérflokki.
Nánari uppl. Gefur Helgi Jón sölustjóri 893-2233.

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*




**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr.
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132


## Hverafold, 112 Rvk. Einbýli á einni hæð.
**OPIÐ HÚS MÁN 21. ÁGÚST KL. 16:30-17:00**




Hverafold 70: 182 fm einbýli á einni hæð með bílskúr á frábærum stað við Hverafold. Húsið er vel skipulagt með sólstofu og einstaklega fallega grónum garði og skjólgóðum palli. Bílskúr fylgir og í hluta hans er rúmgott herbergi með snyrtingu.
**Verð 69,9 millj.**

**Opið hús mánudaginn 21. ágúst kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Barmahlíð 49, 105 Rvk, sérhæð með bílskúr.
**OPIÐ HÚS ÞRI 22. ÁGÚST KL. 16:30-17:00**




Barmahlíð 49 : Vel skipulögð og falleg íbúð á 1. hæð á góðum stað við Barmahlíð. Tvær stofur og tvö svefnh.. Sérinngangur, suðursvalir og góður garður. Sérstæður bílskúr. Húsið er nýlega steinað að utan og lítur eignin mjög vel út.

**Verð 55 millj.**

**Opið hús Þriðjudaginn 22. ágúst kl. 16:30-17:00, verið velkomin.,**

## Langholtsvegur 178, 104 Rvk, efri sérhæð
**OPIÐ HÚS ÞRI 22. ÁGÚST KL. 16:45-17:15.**




Mjög góð og mikið endurnýjuð efri sérhæð og ris ásamt sérstæðum bílskúr í 2-býli, samtals 216,4 fm. Stórar stofur, uppgert eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús innan íbúðar, tvennar svalir og verönd. Eign sem býður uppá mikla möguleika.

**Verð 76,9 millj.**

**Opið hús þriðjudaginn 22. ágúst kl. 16:45-17:15, verið velkomin.**

## Krókamýri, 210 Garðabær
**EINBÝLI M/AUKAÍBÚÐ.**




Krókamýri, 210 Garðabæ: 298 fm. fm. vandað einbýlishús auk 70 fm. bílskúrs, samtals 368,6 fm. miðsvæðis í Garðabæ. Á hæðinni eru stofur, eldhús, baðherbergi, 1 herbergi og þvottahús. Á efri hæð 3 svefnherb, sjónvarpshol og baðherbergi. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi í kjallara. Bílskúr og geymslurými/tómstundaherbergi í kjallara undir bílskúr. Góður sólpallur og garður í góðri rækt. **Verð 107 milljónir.**

## Barðaströnd.
**RAÐHÚS VIÐ SJÁVARSÍÐUNA Á SELTJARNARNESI.**




Rúmlega 221 fm. vel skipulagt, talsvert endurnýjað raðhús á frábærum stað við sjávarsíðuna á Seltjarnarnesi. Á neðri hæð eru 4 svefnherbergi, fallegt endurnýjað baðherbergi, vinnuherbergi, bílskúr o.fl. Á efri hæð stofur með arni, eldhús, gestasnyrting og stórar útsýnissvalir. Skjólgóður pallur og garður er við húsið. Bókið skoðun hjá Fold 552-1400, fold@fold.is. **Verð 109 millj.**

## Kleppsvegur 140, 104 Rvk.
**4RA HERBERGJA M/AUKAHERBERGI Í KJALLARA.**




Kleppsvegur 140. Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í lítilli blokk.

Rúmgóð stofa með útgengi á stórar svalir. Eldhús með sérsmíðaðri innréttingu, þvottaherbergi inn af eldhúsi. Aukaherbergi með aðgengi að baðherbergi í kjallara. Íbúðin er vönduð, rúmgóð og vel hönnuð.

**Verð 47,5 millj.**

## Hraunbær 180, 110 Rvk.
**5 HERBERGJA.**




Hraunbær 180, 2. hæð: Góð 107,4 fm, fimm herbergja íbúð á annarri hæð.

Parket og flísar á gólfum. Fjögur svefnherbergi. Gott innra skipulag.

Íbúðin er staðsett á frábærum stað ofarlega í Árbæ, stutt í sund og alla þjónustu.

**Verð 36,9 millj.**

## Vesturgata, 101 Rvk.
**TIL LEIGU MEÐ HÚSGÖGNUM**




Ca. 113 fm. glæsileg íbúð á rólegum stað við Vesturgötu í hjarta 101 Reykjavík. Leigist með húsgögnum, miðað við lágmark 1 árs leigusamning. Íbúðin er vel búin húsgögnum og heimilistækjum og staðsett á rólegum stað, en í göngufæri við miðborgina, HÍ og sendiráð. **Leiguverð er kr. 290 þúsund á mánuði.** Vinsamlegast hafið samband við Viðar Böðvarsson í síma 552-1400 og 694-1401, varðandi nánari upplýsingar.

## Sumarhús á 1 ha. eignarlóð
**Í LANDI KLAUSTURHÓLA, GRÍMSNESHREPPI.**




Baulurimi 28: Ca. 58 fm sumarhús á fallegri eignarlóð í landi Klausturhóla.

Húsið, sem er vel byggt, selst með innbúi. Góð stofa og sólstofa. Tvö svefnherbergi á teikningu. Baðherbergi með sturtu. Hitaveita komin að lóðarmörkum. 1 ha. eignarlóð, fallegt umhverfi, stutt á golfvelli og í sundlaugar.

**Verð 14,9 millj.**

# Sætún: Kjalarnesi/Reykjavík




## FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI

**Eignarland sem er rúmlega 6,5 ha. ( 65.803.- fm.) og skiptist í fjóra hluti skv. deiliskipulagi.**

**Svæði A** sem er: 3.125 lóð á spildu við þjóðveginn. Þarna eru fjölbreytilegir nýtingarmöguleikar fyrir þjónustuhúsnæði. **Verð 6 millj.**

**Svæði B** sem er: 7.159 fm, lóð undir iðnaðar/landbúnaðarhúsnæði. Þar er í dag 778 fm. alifuglahús ( ca. 50 fm. í kjallara) og að auki er byggingaréttur 2.240 fm. **Verð 120 millj.**

**Svæði E** sem er: 2.536 fm. lóð undir íbúðarhús. Lóðin er með stórum byggingarreit ( 1.080 fm.). Falleg trjárækt er á lóðinni. **Verð 14,8 millj.**

**Svæði F** sem er: 52.983 fm. land sem er skilgreint sem jörð (lögbýli). Landið liggur að sjó með miklu og fallegu útsýni yfir sjóinn til borgarinnar. **Verð 25 millj.**

**Gott tækifæri fyrir aðila til að kaupa alla eignarhlutana og taka þátt í heildarþróun á svæðinu. - Möguleiki að kaupa einstaka hluta, en verð fyrir alla hlutana er kr. 160.000.000.-**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

***Þú finnur okkur á fold.is***

# GIMLI
Sími 570 4800



Fasteignasala / Grensásvegur 13
2. hæð 108 Rvk. / gimli.is

Sigþór 899 9787 Löggiltur fasteignasali · Ellert 661 1121 Löggiltur fasteignasali · Katrín 570 4800 · Hafrún 570 4800 · Árni 570 4800 Viðskiptafræðingur Löggiltur fasteignasali

**Hvers virði er eignin þín?**

**- Frítt verðmat**
**- Engin skuldbinding**

**ÞEKKING • REYNSLA • ÖRYGGI**





**Ráðstefna 24. ágúst**
**á Hilton Hótel kl. 18:00**

Fjárfestu í orlofsdvalarstað með útleigutekjum á The Grove Resort & Spa Orlando

THE GROVE RESORT RESIDENCES ORLANDO

ÞINGHOLT FASTEIGNASALA



## Hús/ hæð / raðhús í 110 RVK eða nágrenni

helst **Ártúnsholt, Árbær, Selás** óskast.

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð á sv. 110 eða nágrenni.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

**Nánari upplýsingar sendist á:**
**sendtohelgi@gmail.com**





Til sölu á Rangárvöllum

# Jörðin Gilsbakki

Um er að ræða 102 ha lögbýli rétt við Hellu. Þar af er um 35 ha skógræktarland, (kvöð vegna nytjaskógræktar) og um 40 ha ræktað tún. Á jörðinni eru fjögur hús. Einbýlishús/bjálkahús á tveimur hæðum 96 fm að grunnfleti, nýtt hús/bílskúr 100 fm að grunnfleti (skráð 160 fm) þar sem gert er ráð fyrir íbúð á efri hæð með fallegu útsýni og tvö gestahús um 30 fm hvort. Deiliskipulag jarðarinnar nær til um 6 ha.

Gert er ráð fyrir að byggja til viðbótar íbúðarhús, bílskúr, útihús, skemmu og geymslu. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er flatarmál húsanna sem þegar eru byggð skráð 284,3 fm. Eitt gestahúsið hefur ekki verið skráð en það er óklárað að innan.

**Umhverfisnefnd Rangárþings ytra hefur veitt eigendum að Gilsbakka viðurkenningu fyrir snyrtilega aðkomu og vel hirt umhverfi á lögbýli.**

**Verð 155 millj.**



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
*löggiltur fasteignasali*
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957



búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

# Búmenn auglýsa íbúðir

**Búseturéttur á markaðsverði**



**Prestastígur 6, íb.104, sem er fjölbýlishús í Reykjavík**
Til sölu búseturéttur í 3ja herbergja íbúð, 94,6 fm að stærð ásamt stæði í bílageymslu.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 13.000.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 173.000-.



**Ferjuvað 11, íb.202, sem er fjölbýlishús í Reykjavík**
Til sölu búseturéttur í 2ja herbergja íbúð, 73,4 fm að stærð.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 7.500.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 143.000-.



**Stekkjargata 71, sem er parhús í Reykjanesbæ**
Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja parhúsi á einni hæð, 134,7 fm að stærð í Reykjanesbæ og þar af er stærð bílskúrs 30,1 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 7.500.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 200.000-.

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð hafið samband við skrifstofu Búmanna.
**Tilboðsfrestur er til 31.ágúst n.k. kl.13.**

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl 9-12 og 13-15. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins
**www.bumenn.is**

JÁVERK








Nýjar og glæsilegar íbúðir í sölu hjá Eignamiðlun

# Kópavogstún 9

**Sala er hafin á glæsilegum og vönduðum íbúðum við Kópavogstún 9 fyrir 60 ára og eldri.**

**Staðsetning er góð, veðursæld mikil og stutt í alla helstu þjónustu s.s sundlaug, banka, bókasafn ofl.**

Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja. Um er að ræða 5 hæða lyftuhús. Öllum íbúðunum fylgir stæði í bílageymslu.

Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í febrúar 2018, fullbúnar með glæsilegum sérsmíðuðum innréttingum frá GKS, innbyggðri uppþvottavél en án gólfefna nema á bað- og þvottaherbergi þar sem gólf verða flísalögð. Leyfi verður til að loka svölum. Traustur byggingaraðili.




**Íbúð 02-02**
3ja herbergja.
Birt stærð 93,7 fm.
Stæði í bílageymslu fylgir.
**Verð 49,9 millj.**




**Íbúð 04-03**
4ra herbergja.
Birt stærð 127,6 fm.
Stæði í bílageymslu fylgir.
**Verð 74,9 millj.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



**Daði Hafþórssonn**
*Aðst.maður fasteignasala*
dadi@eignamidlun.is
824 9096



**Andri Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
andri@eignamidlun.is
662 2705

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

# FRÍ ÁLETRUN OG UPPSETNING FYLGIR ÖLLUM LEGSTEINUM




FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.*

MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
**Legsteinar**

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Að krukka í krukkurnar

## Glerkrukkur eru til margra hluta nytsamlegar og alveg óþarfi að henda þeim sem til falla á heimilinu.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Glerkrukkur falla til á flestum heimilum enda ýmislegt sem ekki fæst öðruvísi en í krukku eins og pestó, hnetusmjör, almennilegt sinnep og svo framvegis. Krukkurnar henta ekki sérstaklega vel til endurvinnslu og enda oftast mölbrotnar í landfyllingu sem er mikil synd þar sem krukkur eru oft fallegar og mikið lagt í hönnun þeirra. Þeim hættir því oft til að safnast fyrir inni í skáp eða uppi á hillu án þess að verða að nokkru gagni. Sem er synd því krukkur eru bæði notadrjúgar og kosta ekkert.

Hægt er að hreinsa límmiðana af krukkunum á einfaldan hátt. Byrjið á að þvo krukkurnar vel og vandlega og leggið síðan í bleyti í sjóðandi vatni nokkra stund. Þá ætti pappírinn að losna auðveldlega af og límið situr eftir. Þurrkið krukkuna og berið á límið blöndu sem er búin til úr matarsóda og matarolíu í jöfnum hlutföllum. Látið standa í fimmtán mínútur og skrúbbið vel af. Krukkan verður glansandi falleg og tilbúin til allra sinna fjölbreyttu nota.

Krukkur geta nýst til ýmissa hluta inni á heimilinu. Á þessum árstíma er sultugerð kannski fyrst og fremst aðkallandi en það er ekki nema einn möguleiki af fjölmörgum til að nýta fallega krukku. Það er jafnvel hægt að halda heila glerkrukkuveislu þar sem engin ílát eru notuð önnur en krukkur. Leyfið hugmyndafluginu að taka völdin og krukkið ykkur inn í haustið.



Það er einfaldara en margir halda að hreinsa miða og lím af krukkum svo þær verði skínandi fínar.



Ekki leiðinlegt að hafa fallega lagskipt salat í nesti í vinnuna.



Frábærir blómavasar undir litla vendi, einstaklega fallegt á veisluborði.



Krukkur eru besta sultugeymsla sem völ er á og bæði súrkrás og sitthvað fleira sómir sér í þeim.



Krukkur eru kjörin ílát undir drykkina í veislunni.



Ólíkar krukkur með sprittkertum toppa haustsæluna.



Krukkur eru fyrirtaksgeymslur fyrir þurrvöru eins og hrísgrjón, pasta, hafraмjöl og baunir, bæði loftþéttar og til prýði.



Með því að bora gat í lokið á krukku og skrúfa ljósaperu í gegn má búa til skemmtilega ljósakrónu. Ef peran er á seríu er það jafnvel enn betra.






# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**BESTA VERÐIÐ !**
BMW 420D Gran-Coupe 03/2016 ek 25 þ.km, flottur bíll sem vert er að skoða ! Okkar verð ! 4.1 mil !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd og umönnun

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



**TIL SÖLU**
Loksins er Beauty Boxið til sölu. Piagglo Porter árg. 2001, ekinn 49.000km. já þú sérð rétt. Einn eigandi. Ný dekk s/v, ný smurður, ný tímareim, 6 manna bíll. Bíllinn vekur athygli, svo auglýsingagildið er mikið. Hafið samband og fáið söguna. Uppl. í síma 895 7199, Ómar.



**TIL SÖLU**
Honda Jazz árg. 2007, ekinn 104.000 km. Sjálfskiptur, skoðaður 2018. Virkilega snyrtilegur bíll. Sá eini græni. Uppl. í síma 8957 199, Ómar.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Þjónusta

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL**
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## EIGUM GOTT ÚRVAL AF NÝJUM OG NÝLEGUM BÍLUM Á STAÐNUM.



**AUDI A6 Avant Ultra S-line 2.0 tdi.**
Árgerð 2017, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 5.990.000.**
Rnr.129021.



**Range Rover Evoque Dynamic.**
Árgerð 2013, ekinn 74 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.990.000.**
Rnr.246553.3

NÝR BÍLL



**HONDA CR-V Executive 4wd.**
Árgerð 2017, dísel, sjálfskiptur.
**Okkar verð 5.890.000.**
Rnr.129056.



**BMW I3 Urbanlife.** Árgerð 2014, ekinn 27 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 2.990.000.**
Rnr.246466.



**AUDI A6 Allroad Quattro 2.7.**
Árgerð 2011, ekinn 147 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000.**
Rnr.246554.



**VOLVO XC60 Momentum D4.**
Árgerð 2014, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 5.380.000.** Rnr.246197.



**VOLVO V70 Summum.**
Árgerð 2014, ekinn 131 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 3.980.000.**
Rnr.246458.

NÝR BÍLL



**SUZUKI Baleno GLX 1.0 Boosterjet.**
Árgerð 2017, bensín, 5 gírar.
**Okkar verð 2.690.000.**
Rnr.246619.
( eigum einnig sjálfskipta )

NÝR BÍLL



**MMC Outlander Instyle+ Phev 4x4.**
Árgerð 2017, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 5.290.000.**
Rnr.246473.



**VOLVO XC70 AWD Summum.**
Árgerð 2012, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 4.590.000.**
Rnr.246495.



**VOLVO S80 Momentum.**
Árgerð 2013, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 4.580.000.** Rnr.246449.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík**
**S. 562 1717 • www.bilalif.is**
**Opnunartími**
**Virka daga kl. 10:00 - 18:00**





## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Vantar ca. 50-80 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar: 699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**STARFSMAÐUR ÓSKAST**
Stundvís, reglusamur starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun og aðstoð við kjötborð, framtíðarstarf. Uppl. Kjöthöllin Háleitisbraut 58-60
**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**

**MÓTTAKA**
41 - A Townhouse Hotel, leitar af starfskrafti í móttökustarf með frábæra þjónustulund í skemmtilegt starf. Góð ensku kunnátta skilyrði. Unnið er á vöktum 2-2-3.

Ef þú heldur að þetta sé eitthvað fyrir þig sendu okkur þá ferilskrá á jobs@41hotel.is

**HOTEL RECEPTIONIST**
41 - A Townhouse Hotel is looking for a receptionist/ greeter to join our team. You must be confident and professional, have strong customer service skills and be able to work as a team player. Fluent English required.

If this sounds interesting to you please send your info to jobs@41hotel.is

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háholti 13-15, Mos. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**TRADEX EHF Í HAFNARFIRÐI**
vantar stundvíst og duglegt starfsfólk í fiskvinnslu og pökkun. Vinnutími frá kl. 7 - 15 virka daga. Umsækjendur sendi umsóknir á tölvupóstinn tradex@tradex.is

**BOOZTBAR**
Óskar eftir að ráða til starfa gott fólk Dagvinna. Hlutastörf kvöld og helgar. Umsóknum skilað á booztbarinn@booztbarinn.is

## Atvinna óskast

Húsasmiður tekur að sér smíðavinnu og viðhald. Upplýsingar í síma 699-2698











2 SPORT
MAYWEATHER
McGREGOR
BARDAGI ALDARINNAR
LAUGARDAGINN 26. ÁGÚST
Keiluhöllin
EGILSHÖLL
Doritos
SPORTPAKKINN
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817 | 365.IS | 365
*miðað við 12 mánaða bindingu

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 2. umferðar 2017-18**

**Swansea - Man. United 0-4**
0-1 Eric Bailly (45.), 0-2 Romelu Lukaku (80.), 0-3 Paul Pogba (82.), 0-4 Anthony Martial (84.).

**Southampt. - West Ham 3-2**
1-0 Manolo Gabbiadini (11.), 2-0 Dusan Tadic, víti (38.), 2-1 Chicharito (44.), 2-2 Chicharito (74.), 3-2 Charlie Austin (90.+3).

**Bournemouth - Watford 0-2**
0-1 Richarlison (73.), 0-2 Etienne Capoue (86.)

**Burnley - West Brom 0-1**
0-1 Hal Robson-Kanu (71.).

**Leicester - Brighton 2-0**
1-0 Shinji Okazaki (1.), 2-0 Harry Maguire (54.).

**Liverpool - Crystal Palace 1-0**
1-0 Sadio Mané (73.).

**Stoke - Arsenal 1-0**
1-0 Jesé (47.).

**Huddersf. - Newcastle 1-0**
1-0 Aaron Mooy (50.) .

**Tottenham - Chelsea 1-2**
0-1 Marcos Alonso (24.), 1-2 Sjálfsmark Michy Batshuayi (82.), 1-2 Marcos Alonso (88.).

**Lokaleikur umferðarinnar** er á milli Manchester City og Everton í kvöld.

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. Utd | 2 | 2 | 0 | 0 | 8-0 | 6 |
| Huddersf. | 2 | 2 | 0 | 0 | 4-0 | 6 |
| West Brom | 2 | 2 | 0 | 0 | 2-0 | 6 |
| Watford | 2 | 1 | 1 | 0 | 5-3 | 4 |
| Liverpool | 2 | 1 | 1 | 0 | 4-3 | 4 |
| Southamp. | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-2 | 4 |
| Man. City | 1 | 1 | 0 | 0 | 2-0 | 3 |
| Everton | 1 | 1 | 0 | 0 | 1-0 | 3 |
| Leicester | 2 | 1 | 0 | 1 | 5-4 | 3 |
| Tottenham | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-2 | 3 |
| Arsenal | 2 | 1 | 0 | 1 | 4-4 | 3 |
| Chelsea | 2 | 1 | 0 | 1 | 4-4 | 3 |
| Burnley | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| Stoke | 2 | 1 | 0 | 1 | 1-1 | 3 |
| Swansea | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-4 | 1 |
| Bournem. | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |
| Newcastle | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |
| Brighton | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-4 | 0 |
| C. Palace | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-4 | 0 |
| West Ham | 2 | 0 | 0 | 2 | 2-7 | 0 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**


Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Leikur mögulega sinn fyrsta leik með liðinu þegar Everton heimsækir stórlið Manchester City á Ethiad í kvöld.


Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Lék í 79 mínútur fyrir lið Burnley sem beið lægri hlut á heimavelli gegn West Bromwich Albion.


Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Lék allan leikinn fyrir topplið Cardiff í 2-1 útisigri á Wolves. Liðið er með fullt hús eftir fjóra leiki.


Reading
**Jón Daði Böðvarsson**
Framherjinn er frá vegna meiðsla hjá Reading sem tapaði 1-0 fyrir Preston.


Aston Villa
**Birkir Bjarnason**
Sat allan tímann á bekknum hjá Aston Villa sem vann sinn fyrsta sigur á tímabilinu, 4-2 sigur á Norwich City.


Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Kom ekki við sögu hjá Bristol City sem gerði 0-0 jafntefli við Millwall.



**Romelu Lukaku, Paul Pogba og Eric Bailly fagna hér fyrsta marki Manchester United á móti Swansea City um helgina. Lukaku hefur nú skorað þrjú mörk í fyrstu**

# Meistarabyrjun manna Mourinh

Manchester United hefur byrjað leiktíðina á Englandi frábærlega og unnið tvo 4-0 sigra í fyrstu tveimur umferðun sagði gleði hafa einkennt leik liðsins gegn Swansea á laugardaginn þar sem Paul Pogba blómstraði og Romelu Luk

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho er á sínu öðru ári sem þjálfari Manchester United. Á köflum leit út fyrir að tímabilið í fyrra yrði vonbrigði en sigur í Deildabikarnum og Evrópudeildinni tryggðu að svo yrði ekki þrátt fyrir að liðið hafi aðeins endað í 6. sæti úrvalsdeildarinnar. Sérstaklega var sigurinn í Evrópudeildinni mikilvægur því hann tryggði liðinu sæti í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

Mourinho hafði styrkt liðið duglega fyrir síðustu leiktíð en þó var eitthvað sem virtist vanta og þá sérstaklega sóknarlega því liðið skoraði umtalsvert færri mörk en keppinautar þess í efri hluta deildarinnar. Zlatan Ibrahimovic stimplaði sig þó rækilega inn en eftir að hann meiddist illa undir lok síðustu leiktíðar fóru menn strax að velta fyrir sér hvaða stjörnuframherja Mourinho myndi fá til liðsins.

Úr varð að Romelu Lukaku var keyptur frá Everton fyrir metupphæð. Belginn ungi hefur byrjað vel en það voru önnur kaup sem vöktu jafnvel enn meiri athygli.

**Mikilvægasta púslið**
Einverjum finnst það hljóma undarlega að varnarsinnaður miðjumaður geri gæfumuninn í sóknarleik knattspyrnuliðs. En miðað við fyrstu tvo leiki Manchester United á þessu tímabili virðist það þó vera raunin.

Sá sem um ræðir heitir Nemanja Matic og var lykilmaður í meistaraliði Antonio Conte hjá Chelsea á síðustu leiktíð. Serbinn hefur spilað óaðfinnanlega í upphafi tímabils og gefið leikmönnum eins og Paul Pogba og Henrikh Mkhitarian aukið frelsi og meiri tíma á boltann í sóknarleiknum. Armeninn Mkhitarian hefur lagt upp fjögur af átta mörkum United til þessa og Pogba hefur leikið afar vel við hlið Matic á miðri miðjunni.

Þetta er í annað skipti sem Jose Mourinho kaupir Matic því það var einmitt hann sem fékk Serbann til liðs við Chelsea í janúar árið 2014. Tímabilið 2014-15 varð Matic enskur meistari með Chelsea undir stjórn Mourinho og kom við sögu í 36 af 38 leikjum liðsins. Hann var með öðrum orðum lykilmaður í meistaraliði Portúgalans.

### Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Chelsea vann frábæran útisigur á Tottenham eftir magalendinguna gegn Burnley í fyrstu umferðinni. Sigurinn er kærkominn fyrir Antonio Conte þjálfara sem hefur verið mikið í sviðsljósinu undanfarið vegna frétta af rifrildi við Diego Costa. Sigurinn veitir Conte smá andrými.

**Hvað kom á óvart?**
Burnley vann frábæran útisigur á meisturum Chelsea í fyrstu umferðinni og leikmenn því fullir sjálfstrausts þegar þeir tóku á móti lærisveinum Tony Pulis á heimavelli. WBA vann hins vegar sinn annan 1-0 sigur á leiktíðinni og er með fullt hús stiga.

**Mestu vonbrigðin**
Tap Arsenal fyrir Stoke olli miklum vonbrigðum eftir frábæra endurkomu í fyrstu umferðinni gegn Leicester. Stoke hefur verið martraðarmótherji Arsenal síðustu ár og þrátt fyrir töluverða yfirburði úti á vellinum í leiknum á laugardag urðu þeir að lúta í gras.

### Leikmaður helgarinnar



Paul Pogba hefur byrjað tímabilið frábærlega og skoraði í öðrum leiknum í röð í 4-0 sigrinum á Swansea. Hann hefur spilað afar vel í fyrstu tveimur leikjum United á tímabilinu og verið sá prímus mótor á miðjunni sem Jose Mourinho ætlast til að hann sé.
Í leiknum á laugardag virtist Pogba vera örlítið pirraður áður en United komst yfir. Hann fékk gult spjald um miðjan fyrri hálfleik og Jon Moss dómari þurfti síðan að ræða við hann eftir að hann braut aftur af sér skömmu síðar. Eftir það var lítið um pirring hjá Pogba. Hann átti hörkuskalla í þverslána sem Eric Bailly fylgdi á eftir þegar United komst í 1-0 rétt fyrir hálfleik og Pogba skoraði svo sjálfur þriðja mark liðsins undir lokin áður en hann lagði upp fjórða markið fyrir Anthony Martial.
Þegar Pogba var keyptur fyrir metupphæð fyrir tímabilið í fyrra fékk hann á sig töluverða pressu. Hann virtist ekki alveg standa undir henni á síðustu leiktíð en mætir til leiks á þessu tímabili með sjálfstraustið í botni.
Það er eitthvað sem öll lið í ensku úrvalsdeildinni ættu að hafa áhyggjur af.



tveimur leikjum sínum með liði United. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

# os í Manchester

n úrvalsdeildarinnar. Jose Mourinho, þjálfari United, kaku skoraði í öðrum leiknum í röð.

» Þetta er í fyrsta sinn í 110 ár þar sem Manchester United liðið skorar 4 mörk eða meira í fyrstu tveimur leikjum tímabilsins.

„Leikmennirnir sýndu gæði, stöðugleika og yfirvegun á meðan þeir biðu eftir að geta drepið leikinn.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Man United



**Leikgleði og drápseðli**

Í fyrstu umferð úrvalsdeildarinnar gegn West Ham og á laugardag gegn Swansea skoraði Manchester United mörk á lokamínútum leikjanna. Í bæði skiptin hafði liðið forystu en kláraði leikinn endanlega með mörkum undir lokin. Gegn Swansea skoraði United þrjú mörk þegar innan við tíu mínútur voru eftir og er það eitthvað sem Mourinho var sérstaklega ánægður með.



„Leikmennirnir sýndu gæði, stöðugleika og yfirvegun á meðan þeir biðu eftir að geta drepið leikinn. Leikur okkar einkenndist af gleði og þið sáuð á líkamstjáningu minni að mér fannst við vera við stjórnvölinn í leiknum," sagði Mourinho á blaðamannafundi eftir leikinn á laugardag.

Umrædd mörk undir lok leikjanna bera merki um drápseðli sem Mourinho hefur náð fram í leikmannahópi United og jafnvægið í leik liðsins virðist vera meira en á síðasta tímabili.

**Er breiddin næg?**

Það er ekkert leyndarmál að Mourinho hefur haft augastað á nokkrum leikmönnum til að auka breiddina í sókn United-liðsins. Lengi vel var Króatinn Ivan Perisic hjá Inter orðaður við liðið og síðustu daga hafa leikmenn á borð við Julian Draxler hjá PSG og Gareth Bale hjá Real Madrid verið nefndir til sögunnar.

Anthony Martial hefur komið inn af bekknum í deildarleikjunum til þessa og skorað í bæði skiptin og þá á liðið einnig Jesse Lingard og Ashley Young inni. Að öðru leyti eru ekki margir leikmenn sem geta leyst af þá Mkhitarian, Lukaku, Juan Mata og Marcus Rashford þegar leikjaálagið í öllum keppnum fer að segja til sín.

Nái Mourinho hins vegar að bæta öflugum sóknarmanni við hópinn hjá United er full ástæða til að gera ráð fyrir liðinu í baráttu á öllum vígstöðvum í vetur.

**– sjj/sport@frettabladid.is**

# VARÐ MARKAKÓNGUR Á HM

**HANDBOLTI** Átján ára Selfyssingur skoraði fleiri mörk en allir aðrir á heimsmeistaramóti 19 ára landsliða í Georgíu sem lauk með sigri Frakka í gær. Íslenska 19 ára landsliðið varð að sætta sig við tíunda sætið á mótinu þrátt fyrir að vinna fyrstu fimm leiki sína á mótinu. Liðið tapaði tveimur lokaleikjum sínum og komst ekki í átta liða úrslitin. Ísland átti hins vegar markakóng mótsins því Selfyssingurinn Teitur Örn Einarsson skoraði 66 mörk í aðeins sjö leikjum eða 9,4 mörk að meðaltali í leik.
Teitur skoraði sex mörkum meira en Frakkinn Kyllian Villeminot sem var með 60 mörk í 9 leikjum, tveimur leikjum fleiri en Teitur. Teitur var einnig meðal þeirra hæstu í stoðsendingum á mótinu og enginn leikmaður kom að fleiri mörkum. Teitur nýtti 61 prósent skota sinna á mótinu en hann skoraði 28 af 66 mörkunum sínum af vítalínunni. Mest skoraði Teitur 14 mörk í leik á móti Svíum í sextán liða úrslitunum. **– óój**





Berglind Björnsdóttir hélt stigameistaratitlinum áfram í GR. MYND/GSÍ/SETH

# ÁR BERGLINDAR OG VIKARS

**GOLF** Berglind Björnsdóttir úr GR og Vikar Jónasson úr Keili tryggðu sér um helgina stigameistaratitla Eimskipsmótaraðarinnar í ár en úrslitin á mótaröðinni réðust á Securitas-mótinu í Grafarholti.
Ragnhildur Kristinsdóttir úr GR var efst í kvennaflokki fyrir lokamótið en hún varð stigameistari á Eimskipsmótaröðinni fyrir ári. Hún missti hins vegar stigatitilinn til félaga síns úr GR. Berglind tryggði sér titilinn með því að ná öðru sæti á heimavelli. Berglind vann tvö mót á mótaröðinni, Egils Gullmótið í Leirunni og Nýherjamótið í Eyjum.
Vikar stóð best að vígi fyrir lokamótið og tíunda sætið í Grafarholtinu nægði til að tryggja honum titilinn. Hann vann bæði Símamótið í Borgarnesi og Borgunarmótið á Hvaleyrinni. Þetta er í fyrsta sinn sem þau standa uppi sem stigameistarar á mótaröð þeirra bestu.
Aron Snær Júlíusson úr GKG spilaði frábærlega um helgina en hann vann Securitas-mótið á níu höggum undir pari. Hann hafði betur gegn atvinnukylfingunum Haraldi Franklín Magnús (-7) og Guðmundi Ágústi Kristjánssyni (-6) og tryggði sér GR-bikarinn.
Karen Guðnadóttir vann kvennaflokkinn á Securitas-mótinu en hún lék á ellefu höggum yfir pari eða einu höggi betur en Berglind. Þetta var annað mótið í röð sem Karen vinnur á mótaröðinni en það dugði þó ekki til að taka stigatitilinn af Berglindi. **– óój**

# TVÖ 15 STIGA TÖP Á 25 TÍMUM

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið tapaði báðum leikjum sínum á móti Ungverjum um helgina en íslenska liðið er á lokasprettinum í undirbúningi sínum fyrir Evrópumótið. Ungverjar unnu báða leikina með fimmtán stiga mun, fyrst 81-66 á laugardaginn og svo 82-67. Leikirnir voru hins vegar mjög ólíkir því íslenska liðið var í fráærum málum í gær. Íslensku strákarnir komust í 10-0 og náðu mest þrettán stiga forystu, 39-26, fjórum mínútum fyrir hálfleik. Ungverska liðið vann hins vegar síðustu 24 mínútur leiksins með 28 stiga mun, 56-28. Jón Arnór Stefánsson gat ekki spilað með íslenska landsliðinu vegna meiðsla en hann hefur misst af sex af sjö leikjum liðsins í lokaundirbúningnum. Martin Hermannsson var atkvæðamestur eins og oftast í sumar en hann skoraði samanlagt 30 stig í leikjunum tveimur og nýtti 69 prósent skota sinna. Aðrir leikmenn voru hins vegar bara með 39 prósenta skotnýtingu í leikjunum tveimur. Lokaleikur íslenska liðsins fyrir Evrópumótið verður enn erfiðari eða á útivelli á móti Litháen á miðvikudaginn. **– óój**



Martin Hermannsson

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍA - ÍBV 0-1**
0-1 Brian Stuart McLean (37.).

**Víkingur R. - KA 0-1**
0-1 Vedran Turkalj (12.). Vladimir Tufegdzic fékk rautt á 31. mínútu.

**Víkingur Ó. - Breiðablik 0-3**
0-1 Gísli Eyjólfsson (13.), 0-2 Sveinn Aron Guðjohnsen (40.) ,0-3 Aron Bjarnason (xx.)

Allir leikirnir í Pepsi-deildinni í gær unnust á útivelli og öll sigurliðin gærkvöldsins voru búin að bíða lengi eftir sigri. Eyjamenn unnu sinn fyrsta sigur frá því um miðjan júní, KA-menn unnu sinn fyrsta sigur síðan um miðjan júlí og Blikar fögnuðu sínum fyrsta sigri í ágústmánuði.

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 15 | 9 | 4 | 2 | 26 - 12 | 31 |
| Stjarnan | 15 | 7 | 5 | 3 | 32 - 18 | 26 |
| FH | 14 | 6 | 6 | 2 | 23 - 16 | 24 |
| Grindavík | 15 | 7 | 3 | 5 | 21 - 26 | 24 |
| KR | 15 | 6 | 4 | 5 | 23 - 20 | 22 |
| Víkingur R. | 16 | 6 | 4 | 6 | 21 - 22 | 22 |
| KA | 16 | 5 | 6 | 5 | 29 - 24 | 21 |
| Breiðablik | 16 | 6 | 3 | 7 | 24 - 25 | 21 |
| Víkingur Ó. | 16 | 6 | 1 | 9 | 18 - 28 | 19 |
| Fjölnir | 14 | 4 | 4 | 6 | 17 - 20 | 16 |
| ÍBV | 16 | 4 | 4 | 8 | 19 - 29 | 16 |
| ÍA | 16 | 2 | 4 | 10 | 22 - 35 | 10 |

ÚR FORYSTU NIÐUR Í 7. SÆTIÐ
Aníta Hinriksdóttir endaði í 8. sæti í 800 metra hlaupi kvenna á Demantamóti í Birmingham í gær. Aníta var í forystu þegar aðeins 200 metrar voru eftir af hlaupinu en datt niður um sjö sæti á lokasprettinum. Hún hljóp fyrstu 600 metrana á 1:30.73 mín en kom í mark á 2:03.24 mínútum sem er langt frá hennar besta tíma.



**Inkasso-deild karla**

**Fylkir - Leiknir F. 4-1**
1-0 Andrés Már Jóhannesson (22.), 1-1 Hilmar Freyr Bjartþórsson (26.), 2-1 Albert Brynjar Ingason (29.), 3-1 Albert Brynjar (35.), 4-1 Albert Brynjar (74.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 16 | 10 | 4 | 2 | 30 - 16 | 34 |
| Fylkir | 16 | 9 | 3 | 4 | 28 - 14 | 30 |
| Þróttur R. | 16 | 9 | 3 | 4 | 24 - 16 | 30 |
| Haukar | 16 | 7 | 6 | 3 | 24 - 18 | 27 |
| HK | 16 | 9 | 0 | 7 | 22 - 22 | 27 |
| Þór | 16 | 8 | 2 | 6 | 24 - 20 | 26 |
| Leiknir R. | 17 | 7 | 5 | 5 | 25 - 22 | 26 |
| Fram | 16 | 6 | 4 | 6 | 26 - 26 | 22 |
| Selfoss | 17 | 6 | 3 | 8 | 22 - 22 | 21 |
| ÍR | 17 | 4 | 4 | 9 | 20 - 26 | 16 |
| Grótta | 17 | 2 | 3 | 12 | 12 - 31 | 9 |
| Leiknir F. | 16 | 2 | 1 | 13 | 16 - 40 | 7 |

**Undirbúningsleikir fyrir Eurobasket**

**Ungverjaland-Ísland 81-66**
**Stig Íslands:** Brynjar Þór Björnsson 14 (4 af 5 í 3ja), Haukur Helgi Pálsson 13, Martin Hermannsson 13, Hlynur Bæringsson 10, Tryggvi Snær Hlinason 5, Logi Gunnarsson 5, Kristófer Acox 3, Elvar Már Friðriksson 2, Ægir Þór Steinarsson 1.

**Ungverjaland-Ísland 82-67**
**Stig Íslands:** Martin 17, Haukur Helgi 12, Hörður Axel Vilhjálmsson 10, Logi 9, Hlynur 5, Ægir Þór 4, Tryggvi Snær 4, Elvar Már 3, Kristófer 2, Brynjar Þór 1.

## Í dag

**Pepsi-deild karla**
**19.15 Valur - Grindavík** Valsvöllur
**19.15 Stjarnan - Fjölnir** Garðabær.

**18.50 Man. City - Everton** Sport 2
**19.00 Stjarnan - Fjölnir** Sport
**21.15 Pepsímörkin** Sport
**22.40 Síðustu 20** Sport

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

21. ÁGÚST 2017 MÁNUDAGUR

## Merkisatburðir

**1011** Njáll Þorgeirsson er brenndur inni á Bergþórshvoli með heimilisfólki sínu.

**1238** Þrjár ættir berjast í Örlygsstaðabardaga í Skagafirði.

**1680** Púeblóindíánar hertaka Santa Fe.

**1905** Alþingi samþykkir lagningu ritsíma til Íslands.

**1942** Friðrik Ólafsson verður stórmeistari í skák.

**1973** Ásgeir Sigurvinsson hefur atvinnumannsferil sinn í knattspyrnu með Standard Liege í Belgíu.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Herbergur Halldórsson**

Bugðulæk 1 (áður Saurbæ í Dölum),

lést á Landakoti þann 16. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 24. ágúst kl. 13.00. Ástvinir þakka starfsfólki Landakots á deild L4 fyrir einstaka alúð, umhyggju og fallegt viðmót.

**Þorbjörg Jakobína Magnúsdóttir**
**Halldór Margeir Ólafsson** **Danfríður Kristín Árnadóttir**
**Vilborg Ólafsdóttir**
**Magnea Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svandís Matthíasdóttir**

Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést 13. ágúst á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 23. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

**Birgir Hauksson** **Gróa Erla Ragnvaldsdóttir**
**Rósa Hauksdóttir**
**Baldur Hauksson** **Lilja Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ingvar Ragnarsson**

Kaplaskjólsvegi 31,

lést á Landspítalanum föstudaginn 11. ágúst. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Hanna Björk Baldvinsdóttir**
**Sigrún Elfa Ingvarsdóttir** **Árni Haraldur Jóhannsson**
